

Ed. 809. Frumvarp til laga

um byggingu gistihúss í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að verja úr ríkissjóði allt að 5 — fimm — milljónum króna til gistihúsbyggingar í Reykjavík. Fé þetta er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

2. gr.

Gistihús það, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að reisa í félagi við bæjarstjórn Reykjavíkur, stofnanir, félög og einstaklinga.

3. gr.

Gistihúsið skal rekið fyrir reikning þeirra aðila, sem verða þátttakendur í því að reisa það. Ef hentara þykir, má þó leigja húsið út til gistihúshalds.

4. gr.

Ef gistihús þetta verður reist og rekið af hlutafélagi, skulu ákvæði hlutafélagalaga, nr. 77/1921, um stofnendur og takmörkun á atkvæðisrétti ekki gilda um það hlutafélag. Að öðru leyti gilda ákvæði téðra hlutafélagalaga nr. 77/1921, svo sem við verður komið.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki, eftir því sem hún telur þurfa undir gistihúsið og því til afnota, enda sé öll ríkisstjórnin og þeir aðilar, sem að byggingunni standa, sammála um, að eignarnámið fari fram. Fer um eignarnám þetta eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.